

## 7. gr.

Verði Hjúkrunarfélag Íslands lagt niður, þá skal sjóðurinn starfa áfram sem sérstæð stofnun.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á aðalfundi Hjúkrunarfélags Íslands með samþykki  $\frac{3}{4}$  greiddra atkvæða, enda hafi breytingarnar verið bornar fram og ræddar á næsta aðalfundi á undan og þeirra að sjálfsögðu getið í fundarboði.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í Stjórnartíðindum.

Reykjavík, 10. febrúar 1964.

Kristín Gunnarsdóttir.

Anna Loftsdóttir.

Ingibjörg Ólafsdóttir.

María Finnsdóttir.

María Guðmundsdóttir.

Jóhanna Þórarinsdóttir.

## REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Auðkúluhreppi, V.-Ísafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt í Auðkúluhreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1964.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Steinunnar og Þórðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. ágúst 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Steinunnar og Þórðar.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Steinunnar og Þórðar og er stofnaður til minningar um hjónin Steinunni Ólafsdóttur, f. 12. júní 1880, hjúkrunarkonu, og Þórð Jónsson, f. 24. ágúst 1885, yfirtollvarðstjóra, síðast til heimilis við Nordre-Frihavngade 31 í Kaupmannahöfn. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík og er stofnfé hans kr. 20000.00.

## 2. gr.

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að selja minningarkort, taka á móti gjöfum og áheitum o. s. frv.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúk börn, sem leita þurfa lækninga erlendis.

## 4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörzlum þriggja manna sjóðsstjórnar. Hana skipa nú Bergsveinn Ólafsson, augnlæknir, Ránargötu 20, sem er formaður, frú Ingibjörg Ólafsdóttir, Ljósheimum 1 og frú Victoria Blöndal, Vesturgötu 50 a. Losni sæti í stjóðsstjórninni, þá velja þeir, sem eftir eru nýjan stjórnarmann.

## 5. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkistryggðum verðbréfum eða í sparisjóðsbókum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega endurskoða reikninginn af löggiltum endurskoðanda.

## 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal vexti við höfuðstól þar til ársvextir nema kr. 2000.00. Eftir það má nota helming vaxta til styrkveitinga.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

## 8. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins, þá skulu allar eignir hans renna til Barnadeildar Landsspítalans.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**REGLUGERÐ****um skemmtanaskatt í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.**

## 1. gr.

Samvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 frá 19. júní 1922 og lög nr. 61 frá 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Skútustaðahreppi og aðgangur er seldur að og eigi eru undanþegnar slíku skatti með lögum.

## 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

**1. flokkur:**

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Fræðandi fyrirlestrar og upplestur.